



## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Akureyri, 9. janúar 2019.

### Efni: Umsögn Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra við tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þingskjal 550-409. mál.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra fagnar þessari þingsályktunartillögu enda um mikilvæg málefna að ræða, en gerir eftirfarandi athugasemdir við lið C. 3. Stuðning við þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi.


Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að unnið hafi verið að stofnun þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi sem staðsett yrði á Akureyri. Um þróunarverkefni til tveggja ára væri að ræða sem yrði sambærilegt við Bjarkarhlíð í höfuðborgarsvæðinu. Þar yrði veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánum samböndum eða eru brotáþolar í mansalsmálum og/eða vændi. Einnig yrði þar veitt fræðsla og fjallað um birtingarmyndir, eðli og afleiðingar ofbeldis. Að tveimur árum liðnum yrði verkefnið metið af óháðum aðilum. Markmiðið með verkefninu er að þolendur ofbeldis á Norðurlandi fái á einum stað nauðsynlega þjónustu í kjölfar ofbeldis og hljóðar kostnaðaráætlun upp á 6 millj. árlega 2019 og 2020.

Á ráðstefnu Jafnréttisstofu *Gerum betur - áhrifaríkar aðferðir og helstu hindranir í vinnu með heimilisofbeldismál* sem haldin var þann 18. október 2018 kynnti embætti Ríkislögreglustjóra tölur sem gefa til kynna að tíðni ofbeldis í nánum samböndum í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sé jafnvel meiri en víða annarstaðar. Það hefur hinsvegar ekki endurspeglast nema að litlu leyti auknum fjölda skráðra mála hjá lögreglu enn sem komið er, því erfiðara hefur reynst að fá fólk hér til að leita sér hjálpar, eða að leita til lögreglu, en á höfuðborgarsvæðinu. Því er litið svo að á hér sé um ræða gríðarlega mikilvægt tæki til að ná til fólks sem orðið hefur fyrir ofbeldi í nánum samböndum og rjúfa þann vítahring sem slíkt ofbeldi getur verið.

Þjónustumiðstöðinni er ætlað afar mikilvægt samfélagslegt hlutverk hvað varðar þjónustu og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi, en það hlutverk sem þjónustumiðstöðinni er ætlað varðandi það að sinna fræðslu og umfjöllun um birtingarmyndir ofbeldis, eðli og afleiðingar þess er ekki síður mikilvægt. Lögreglustjórinn á Norðurlandi telur því mikilvægt að strax frá upphafi sé gert ráð fyrir hærri fjárframlagi svo að hægt verði að ráða starfsmann í fullt starf við þjónustumiðstöðina, en ekki hlutastarf. Ljóst er að erfitt getur reynst að fá starfsmann með menntun og reynslu sem nauðsynleg er í slíkt starf ef ekki er reiknað með fullu starfshlutfalli. Auk þess að sinna þjónustu og ráðgjöf við einstaklinga, þá mun þessi starfsmaður koma til með að sinna fræðsluhlutverki í samfélaginu og þurfa að sinna skrifstofustörfum og umsýslu vegna þjónustumiðstöðvar. Lögreglustjóri telur að starfsmaður í hálfu starfi komi ekki til með að komast yfir öll þau verkefni sem fylgja starfinu verði starfshlutfallið ekki aukið í fullt starf og að fjárveiting sem verkefninu sé ætlað verði aukin í 12 milljónir árlega 2019 og 2020.

Að því sögðu erum við mjög hlynnt framangreindri þingsályktunartillögu og gerum ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

  
Halla Bergþóra Björnsdóttir,  
lögreglustjóri á Norðurlandi eystra

